

Til aðildarfélaga KSÍ

Reykjavík, 3. september 2021.

Efni: Aukaping 2021.

Aukaping KSÍ verður haldið í Reykjavík þann 2. október 2021. Stjórn KSÍ ákveður þingstað og verður staðsetning þingsins tilkynnt við fyrsta tækifæri. Sambandsaðilar eru beðnir um að kynna sér eftirfarandi:

1. Réttur til þingsetu og fjöldi fulltrúa

Hjálagður er listi yfir fjölda þingfulltrúa. Sambandsaðilar eru beðnir um að fara yfir listann og gera athugasemdir ef þörf krefur. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags er sá sami og á síðasta knattspyrnuþingi sem haldið var í febrúar 2021. Í samræmi við grein 9.4. í lögum KSÍ munu kjörbréf vera send til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing.

2. Málefni

Málefni þau, er aðilar að KSÍ óska eftir að tekin verði fyrir á aukapingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þingsetningu eða í síðasta lagi laugardaginn 18. september 2021. Kolbrún Arnardóttir, lögræðingur á skrifstofu KSÍ (kolbrun@ksi.is), tekur við málefnum sem berast fyrir þingið. Bent er á að samkvæmt grein 13.5. í lögum KSÍ er ekki heimilt að gera lagabreytingar á aukapingi.

3. Kosning stjórnar - framboð

Á fundi stjórnar KSÍ þann 29. ágúst sl. ákvað formaður KSÍ að segja af sér. Á fundi stjórnar KSÍ þann 30. ágúst sl. ákvað stjórn, varafulltrúar og landsfjórðungafulltrúar að segja af sér og munu þau skila umboði sínu eigi síðar en þegar til aukapingsins kemur. Á aukapingi þann 2. október nk. verður því kosin bráðabirgðarstjórn sem mun starfa fram að næsta knattspyrnuþingi sem haldið verður í febrúar árið 2022. Í samræmi við grein 13.2 skulu tilkynningar um framboð til embætta sem kosið er um á aukapingi að berast skrifstofu KSÍ minnst einni viku fyrir aukaping.

Embætti sem kosið verður um:

- Kosning formanns til bráðabirgða (1 embætti)
- Kosning stjórnar til bráðabirgða (8 embætti)
- Kosning varamanna í stjórn til bráðabirgða (3 embætti)

Fulltrúi hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti)

Í samræmi við lög KSÍ er fyrirhugað að tilnefning fulltrúa hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) í bráðabirgðastjórn verði lögð fyrir aukaping til staðfestingar, en samkvæmt lögum KSÍ skal formaður samtakanna sitja í stjórn KSÍ, enda séu a.m.k. 2/3 hluti félaga í efstu- og næst efstu deild karla og kvenna aðilar að samtökunum og formaður samtakanna kjörinn af fulltrúum félaganna.

Fulltrúar landsfjórðunga:

Þar sem á aukapinginu verður einvörðungu kosin bráðabirgðastjórn verður ekki kosið um aðalfulltrúa landsfjórðungafulltrúa heldur er ráð fyrir því gert að varamenn hvers fulltrúa fyrir sig taki við réttindum og skyldum þeirra aðalfulltrúa sem ákveðið hafa að segja af sér. Í samræmi við lög KSÍ mun á næsta knattspyrnuþingi, sem haldið verður í febrúar árið 2022, fara fram kosning fulltrúa frá landsfjórðungum, bæði kosning 4ra aðalfulltrúa og 4ra varafulltrúa.

Hæfisskilyrði:

Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða

lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

Skrifleg meðmæli:

Sá sem býður sig fram til formanns eða stjórnar skal hafa skrifleg meðmæli aðildarfélaga sem fara samanlagt með a.m.k. 12 atkvæði á knattspyrnuþingi.

Með tilkynningu um framboð er óskað eftir stuttri ferilskrá til birtingar á heimasíðu KSÍ. Í samræmi við ákvörðun kjörnefndar skulu framboð ásamt skriflegum meðmælum á þar til gerðu eyðublaði, send með tölvupósti til Kolbrúnar Arnardóttur (kolbrun@ksi.is) í síðasta lagi 25. september næstkomandi.

4. Dagskrá og þingstaður

Aukaþingið verður sett kl. 11:00, laugardaginn 2. október og er gert ráð fyrir að því ljúki síðar sama dag. Nákvæm dagskrá og upplýsingar um þingstað verða sendar sambandsaðilum síðar.

5. Fjöldi fulltrúa

Hjálagður er listi yfir fjölda þingfulltrúa. Sambandsaðilar eru beðnir um að fara yfir listann og gera athugasemdir ef þörf krefur og skulu athugasemdir berast Birki Sveinssyni (birkir@ksi.is).

Nánari upplýsingar um þingið og málefni verða sendar til sambandsaðila á næstu vikum.

Virðingarfyllst,

f. h. Knattspyrnusambands Íslands,



Birkir Sveinsson
Sviðsstjóri innanlandssviðs

Afrit: Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands
Héraðssambönd og íþróttabandalög

Hjálagt: Listi yfir fjölda þingfulltrúa.